



# Til sjávar

2. tbl. 6 árg. júní 2002 Fréttabréf Siglingastofnunar

1

Lög um samgöngu-áætlun

2

Samgönguþing

3

Hafnar-  
ríkiseftirlit

4

Hafnar-  
framkvæmdir

5

Endurskoðun  
áætlana

6

Stuttmyndir  
um  
öryggismál

7

Ný hug-  
búnaðarkerfi

Samgöngur á láði, legi og í lofti

## Ný lög um samgönguáætlun

*Þann 17. maí sl. tóku gildi lög um samgönguáætlun nr. 71/2002.*

*Markmið laganna er að samræma áætlanagerð við framkvæmdir og rekstur í samgöngumálum með samgönguáætlun til tólf ára.*

### 12 ára samgönguáætlun

Á fjögurra ára fresti á samgönguráðherra að leggja fram á Alþingi

umhverfis, öryggis, þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bættar samgöngur og taka mið af því að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir samgönguf framkvæmdir í landinu í heild og í einstökum landshlutum. Á næsta löggjafarþingi 2002-2003 á samgönguráðherra að leggja fram tillögu til

ingastofnun Íslands og Vegagerðina og skiptist í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun.

Gerð skal grein fyrir fjáröflun og sundurliða útgjöld eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á. Áætlunin skal endurskoðuð á tveggja ára fresti. Á næsta löggjafarþingi 2002-2003 á sam-

gönguráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára áætlunina sem tekur til árána 2003-2006.

### Skýrslur um framkvæmdir

Með sama hætti og verið hefur á samgönguráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslur um framkvæmdir næstliðins árs, en miðað er við að gerð verði sameiginleg skýrsla allra samgöngustofnana.



Frá Eskifirði.

Ljósmynd Hermann Guðjónsson.

tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun sem tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, og rekstur samgöngustofnana. Í samgönguáætlun skal marka stefnu fyrir allar greinar samgangna næstu 12 árin, skilgreina grunnkerfi samgangna, gera grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu, taka tillit til

þingsályktunar um samgönguáætlun árána 2003-2014.

### 4ra ára áætlun

Samgönguáætlun skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil og skal samgönguráðherra leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun til fjögurra ára sem hefur að geyma áætlun hvers árs fyrir Flugmálastjórn Íslands, Sigl-

### Samgönguráð

Samgönguráð hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar, en þar sitja flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri, auk fulltrúa ráðherra sem er formaður ráðsins.

Samgönguráð á að hafa samráð við hagsmunaaðila eins og ástæða þykir til hverju sinni.

Framhald á bls. 2

### Hafnarframkvæmdir

Í sumar verður unnið að nýframkvæmdum í um 36 höfnum. Stærstu framkvæmdirnar verða í Grindavík, á Húsavík, Seyðisfirði og í Neskaupstað.

### Stuttmyndir um öryggismál

Í tengslum við langtímaáætlunin í öryggismálum sjófarenda hefur verið ákveðið að ráðast í gerð stuttmynda um neyðarráðstafanir og forvarnir.



## Frá forstjóra

### Hafnalagafrumvarpið



Mörg mál er varða starfsemi Siglingastofnunar Íslands voru til umfjöllunar á Alþingi síðastliðinn vetur. Sum málanna náðist að afgangi og ber

þar hæst lög um samgönguáætlun sem ítarlega er fjallað um í þessu blaði. Önnur lagafrumvörp náðu ekki alla leið og má þar nefna frumvarp um breytingar á lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og frumvarp til nýrra hafnalaga.

Mikilvægt er að frumvarp til hafnalaga verði tekið upp að nýju á komandi hausti, þar sem ávallt hefur verið stefnt að því að við gerð samgönguáætlunar 2003-2014 verði tekið mið af nýjum hafnalögum.

Mörg nýmæli voru í frumvarpinu og má þar nefna að stefnt var að því að draga úr ríkisframlögum til hafna og að sem flestar hafnir verði sjálfbærar rekstrareiningar. Ástæða þess að frumvarpið lenti í nokkrum andbyr var ef til vill sú að fyrirhugaðar breytingar voru of skarpar og of skammur tími gefinn til að koma þeim á. Ég tel að hafnaryfirvöld séu vel meðvitandi um að samkeppni milli þeirra muni færast í aukana og að samræmd gjaldskrá hafna verði ekki við lýði til frambúðar.

Hafnarstjórnir og Hafnasamband sveitarfélaga hafa lagt ríka áherslu á að í sjávarbyggðum vítt og breitt um landið gegni hafnirnar lykilhlutverki og séu sannkallaðar lífæðar byggðarlaganna. Jafnframt er ljóst að rekstur margra hafna hefur verið erfiður undanfarin ár og eru hafnaryfirvöld því smeyk um að geta ekki fjármagnað nauðsynlegt viðhald og nýframkvæmdir alfarið af eigin aflafé. Í umsögn sinni um frumvarpið lagði Hafnasamband sveitarfélaga því m.a. til að meira fjármagn kæmi til hafnarframkvæmda í samgönguáætlun en ráðgjert var í frumvarpi til hafnalaga og að ekki yrði breyting á greiðslupátttöku ríkissjóðs fyrr en að loknu fyrsta tímabili nýrrar samgönguáætlunar, þ.e. árið 2007.

Mér sýnist að flestir aðilar sem málið varðar geti sætt sig við meginstefnu frumvarpsins. Æskilegt er að nota næstu mánuði til að fara vel yfir þær ábendingar og umsagnir sem bárust. Það er trú mín og von að náðst geti ásætlanleg niðurstaða þannig að hafnalagafrumvarpið verði að lögum á næsta þingi.

Hermann Guðjónsson

## Framhald af bls. 1

### Samgönguþing

Til að veita ráðgjöf og leiðbeiningar við gerð samgönguáætlunar skal samgöngu-ráð standa fyrir samgönguþingi, en til þess skal öllum helstu hagsmunaaðilum samgöngumála boðið. Á þinginu skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum forsendum og markmiðum áætlunarinnar.

### Ýmsar lagabreytingar

Samhliða lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002 voru sett lög um breytingu á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl., nr. 73/2002. Þær breytingar miða að því að gæta samræmis í löggjöf, t.d. með því að kveða á um að í stað vegáætlunar, flugmálaáætlunar, hafnaáætlunar og sjóvarnaáætlunar komi samgönguáætlun sem taki til þessa alls og taka þær gildi 1. janúar 2003. Að öðru leyti eru breytingarnar fólgnar í eftirfarandi:

### Flugráð

Í flugráði verða 6 fulltrúar í stað 5. Í stað fulltrúa Alþingis á samgönguráðherra að skipa þrjú fulltrúa, tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins og einn samkvæmt tilnefningu Samtaka ferðaþjónustunnar og er honum ætlað að vera fulltrúi notenda flugþjónustu. Markmið þessara breytinga er að tryggja aðkomu sérþekkingar hagsmunaaðila að flugmálum.

Verkefni flugráðs breytast að nokkru leyti, m.a. þannig að nú gefur flugráð samgönguráðherra skriflega umsögn um tillögur samgönguráðs en kemur ekki að áætlanagerðinni sjálfri.

### Hafnaráð

Í hafnaráði verða 6 fulltrúar í stað 5. Nýr fulltrúi í hafnaráði kemur frá Samtökum atvinnulífsins sem ætlað er að vera fulltrúi notenda hafna. Með þessu geta þeir sem nýta hafnirnar og greiða gjöld fyrir afnot af þeim komið sjónarmiðum sínum að innan hafnaráðs. Að öðru leyti koma 2 fulltrúar frá Hafnasambandi sveitarfélaga og 3 fulltrúar eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Þessi breyting er m.a. tilkomin vegna umræðu sem orðið hefur við undirbúning frumvarps til hafnalaga sem var til umræðu á síðasta Alþingi.

Hlutverki hafnaráðs er breytt til þess að falla betur að lögum um samgönguáætlun. Verkefni hafnaráðs eru m.a. að gefa samgönguráðherra umsögn um tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun og að veita umsögn um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og sjóvarnir. Hafnaráð myndar stjórn Hafnabótasjóðs. Breytingar

frá nógildandi lögum eru að Siglingastofnun ber að hafa samráð og samstarf við hafnaráð við undirbúning tillögugerðar um hafnar- og sjóvarnaframkvæmdir og það á að gefa samgönguráðherra sjálfstæða umsögn um tillögur samgönguráðs í samræmi við lög um samgönguáætlun.

### Siglingamálastjóri

Starfsheiti forstöðumanns Siglingastofnunar er breytt á þann veg að í stað þess að vera nefndur forstjóri Siglingastofnunar Íslands verði hann nefndur siglingamálastjóri. Þessi breyting tekur gildi um næstu áramót.

### Hafnargerð og sjóvarnir

Siglingastofnun Íslands sér um gerð áætlana um hafnargerð og sjóvarnir í samræmi við lög um samgönguáætlun og verða þær hluti af siglingamálaáætlun samgönguáætlunar. Við gerð áætlana um sjóvarnir skal stofnunin hafa samvinnu og samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórn, landeigendur og aðra aðila sem að málinu koma og samvinnu og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn og hafnaráð við gerð áætlana um hafnargerð.

### Áhrif laganna á starfsemi

#### Siglingastofnunar

Á grundvelli laganna er nú þegar hafinn undirbúningur að því innan Siglingastofnunar að gera drög að þeim hluta samgönguáætlunar fyrir 2003-2014 sem fjallar um siglingamál, þ.e. fjáröflun og útgjöld til siglingamála, þ.m.t. hafnamála, sjóvarna og öryggismála sjófarenda, og rekstur Siglingastofnunar Íslands.

Samhliða er unnið að þeim kafla samgönguáætlunar til næstu fjögurra ára sem varðar siglingamál, þ.e. tímabilið frá 2003 til 2006 og fjallar um fjáröflun og sundurliðun útgjalda eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á.

Til sjávar. Fréttabréf Siglingastofnunar  
Útgefandi: Siglingastofnun Íslands  
Vesturvör 2, 200 Kópavogur  
Sími: 560 0000 Bréfasími: 560 0060  
Heimasíða: www.sigling.is  
Netfang: sigling@sigling.is  
Ritstjóri: Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir (aro@sigling.is)  
Ábyrgðarmaður: Hermann Guðjónsson  
Umbrot: Siglingastofnun Íslands  
Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.  
Fjölmíðlum er frjálst að nota efni blaðsins ef heimildir er getið. Óskum um áskrift er hægt að koma á framfæri við ritstjóra.



## 35% skipa uppfylla ekki ákvæði STCW-samþykktarinnar



35. fundur Parísarsamkomulagsins um hafnarrikiseftirlit var haldinn í Kanada í byrjun maí. Meðal viðfangsefna á fundinum voru átaksverkefni, frammistaða aðildarríkjanna, frammistaða flokkunarfélaga og, birting upplýsinga varðandi hafnarrikiseftirlit o.fl. Hér á eftir er stiklað á stóru um nokkur þeirra.

### Endurskoðun á texta

Á fundinum voru samþykktar róttækar breytingar á texta Parísarsamkomulagsins vegna breytinga á tilskipun ESB um hafnarrikiseftirlit. Þar á meðal eru starfsreglur um hvenær banna á skipum að koma til hafna samkomulagsins. Slíku banni verður t.d. beitt þegar tankskip, búlkaskip eða farþegaskip, sem er skráð hjá ríki sem er ofarlega á svarta listanum, hefur lent í farbanni oftar en einu sinni á síðustu 36 mánuðum.

### Átaksverkefni

Á fundinum var farið yfir niðurstöður átaksverkefnis sem fór fram í fyrra en það náði til öryggis vegna sjóbúnaðar.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Samtals 1.072 skip voru skoðuð í 18 aðildarlöndum auk Slóveníu.
- Lagt var á farbann í 16 tilvikum.
- Handbók um sjóbúnað (e. Cargo Securing Manual) reyndist vera um borð í 98% tilvika.
- Sjóbúnaður reyndist vera í lélegu eða miðlungsgóðu ástandi í 31% tilvika.
- Í 10% tilvika reyndist hleðsluáætlun ekki vera í samræmi við handbókina og/eða að farmurinn var ekki sjóbúinn í samræmi við hana.

### STCW

Um þessar mundir er í gangi átaksverkefni um STCW-samþykktina. Það hófst 1. febrúar sl., þ.e. á sama tíma og breytingarnar frá 1995 við samþykktina komu að fullu til framkvæmda. Á fundinum var munnlega gerð grein fyrir áfangaskýrslu um verkefnið. Í 853 skipum eða um 35%

af rúmlega 2.400 skipum, sem átakið hafði þegar náð til, voru athugasemdir gerðar við skirteini áhafnar. Vegna ákvörðunar IMO fyrr á þessu ári um að veita aðildarríkjum STCW-samþykktarinnar frest til 1. ágúst 2002, hefur farbann ekki enn verið sett á skip vegna þess háttar annmarka. Þessi mikli fjöldi skipa, þar sem skirteinismál eru í ólestri, virðist gefa vísbendingu um að þessi mál verði ekki komin algjörlega í lag 1. ágúst nk. Fjöldi ríkja sem ekki hafa fengið athugasemdir vegna skirteinisútgáfu er á milli fimm og tíu og er Ísland á meðal þeirra.

### ISM-kóðinn

Þann 1. júlí nk. eða sama dag og ISM-kóðinn kemur til framkvæmda fyrir flutningaskip, önnur en búlkaskip og tankskip, hefst 3 mánaða átaksverkefni til að kanna hvort þessi skip uppfylli ákvæði kóðans.

Loks hefur verið ákveðið að átaksverk-



Á Kyrrahafi.

Ljósmynd Sverrir Konráðsson.

efnið á næsta ári skuli tengjast starfsháttum í farþegaskipum og að átaksverkefnið á árinu 2004 skuli vera um hollustuhætti og vinnuöryggi.

### Frammistaða aðildarríkjanna

Aðildarríkjum Parísarsamkomulagsins er skylt að skoða a.m.k. fjórðung erlendra skipa sem koma til hafnar í viðkomandi ríki.

Árið 2001 voru í heildina gerðar 18.681 skoðanir sem er svipaður fjöldi og árið áður. Fjöldi athugasemda var 69.756 sem er heldur meira en árið áður og fjöldi skipa sem lagt var á farbann var 1.699 en sá fjöldi var 1.764 á árinu 2000.

Á Íslandi voru skoðuð 114 skip af 323 skipum sem komu til landsins eða 35,3%. Í ríflega helmingi tilvika voru athuga-

semdir gerðar og farbann lagt á 5 skip.

### Frammistaða flokkunarfélaga

Ýmsar tölulegar upplýsingar um frammistöðu flokkunarfélaga, í tengslum við annmarka sem hafa leitt til farbanns, hafa verið birtar í ársskýrslu Parísarsamkomulagsins og verða birtar áfram.

Samtímis söfnun upplýsinga um frammistöðu fánaríkja og flokkunarfélaga verður einnig safnað upplýsinum um leigutaka skipa. Gert er ráð fyrir að í náinni framtíð verði upplýsingar um frammistöðu leigutaka einnig birtar.

### Svarti listinn

Fyrir tveimur árum var samþykkt að í stað svarta listans svokallaða kæmu þrjár listar: svartur, grár og hvítur. Á listunum eru fánaríki flokkuð eftir frammistöðu, þannig að verstu ríkin eru efst á svarta listanum og þau bestu neðst á þeim hvíta.

Frammistaðan er metin eftir því hversu oft farbann er lagt á skip frá viðkomandi ríki miðað við heildarfjölda þeirra skipa sem skoðuð eru.

Alls 25 ríki eru á svarta listanum. Efst á listanum eru Albanía, Bólívía, Saó Tóme og Prinsípe og Hondúras. Thaíland, Króatía, Lettland, Litháen og Færeyjar hafa færst af svarta listanum á þann grúa.

Efst á hvíta listanum eru Bretland, Finnland, Svíþjóð, Danmörk og Þýskaland. Ný á þeim lista eru Pólland, Grikkland, Bahama-eyjar, Hong Kong og Ísrael.

Vegna smæðar kaupskipaflotans er Ísland ekki á neinum lista Parísarsamkomulagsins.

### Öryggismál í siglingum

Eftir 11. september 2001 hafa öryggismál almennt verið til rækkilegrar skoðunar. Gert er ráð fyrir að meðal nýrra ákvæða um öryggismál í samþykktum IMO verði ákvæði um hafnarrikiseftirlit. Á fundinum var ákveðið að bíða áttekta þar til nýjar reglur, sem nú er unnið að á vettvangi IMO, líta dagsins ljós.

Sömuleiðis er líklegt að IMO útbúi leiðbeiningar um þessi atriði fyrir skoðunarmenn.





## Framkvæmdir árið 2002



Í ár er gert er ráð fyrir framkvæmdum við 36 hafnir á landsbyggðinni og áætlað að heildarkostnaður við þær verði rúmlega 1.800 millj.kr. Á fjárlögum er veitt 1.199 millj.kr. til þessara verkefna og að auki 198 millj. til uppgjörs við hafnarsjóðina. Alls er því framlag ríkisins til hafnarframkvæmda árið 2002 1.397 millj.kr.

### Sjóvarnir

Framkvæmdir við sjóvarnargarða verða á 15 stöðum á landinu. Áætlaður framkvæmdakostnaður er 92 millj.kr. Ríkið leggur til þessara verkefna 73,8 millj.kr. á fjárlögum.

### Helstu hafnargerðarverkefni

Það sem af er árinu hafa verið boðin út 13 hafnargerðarverkefni. Kostnaður við þau var alls áætlaður 865 millj.kr. en tilboðin hljóðuðu uppá 578 millj.kr. eða að meðaltali 67% af áætlun. Á nokkrum stöðum, t.d. Arnarstapa, Húsavík, Vopnafirði og Grindavík, eru framkvæmdir í gangi sem boðnar voru út á síðasta ári.

Hér á eftir er upptalning á nokkrum helstu framkvæmdum sem unnið verður að á árinu.

### Lenging brimvarnargarðs á Arnarstapa

Á Arnarstapa er nú að ljúka lengingu og endurbyggingu brimvarnargarðs ásamt dýpkun, verk sem boðið var út í ágúst á síðasta ári. Brimvarnargarðurinn verður lengdur um u.þ.b. 45 m og eldri hluti hans styrktur. Einnig er innifalið í verkinu að sprengja og fjarlægja sker við enda garðsins ásamt dýpkun á lausu efni innst í höfninni.

### Stórabryggja lengd á Grundarfirði

Á Grundarfirði verður lokið framkvæmdum við lengingu Stórubryggju sem byrjað var á snemma árs 2001. Bryggjan er lengd fram um 100 m með stálþili. Dýpi við það er 8 m. Nú er verið að bjóða út síðasta áfanga verksins sem felst í að steypa þekju og ganga frá lögnum og lýsingu.

### Stálþil við Norðurgarð á Sauðárkróki

Á Sauðárkróki verður lokið við 130 m

langt stálþil við Norðurgarð. Um er að ræða endurbyggingu á 70 m langri gamalli stálþilsbryggju og 60 m lengingu. Nýja þilið er hannað fyrir 8,5 m dýpi. Í sumar verður gengið frá lögnum, lýsingu og bryggjuþekju.

### Bökugarður á Húsavík

Á Húsavík er unnið að gerð Bökugarðs sem er eitt af stærri verkefnum sem er á hafnaáætlun. Brimvarnargarðurinn verður 300 m langur og í hann fara um 275.000 m<sup>3</sup> af stórgryti og sprengdum kjarna. Byrjað var á verkinu í ágúst á síðasta ári og gert ráð fyrir að því ljúki um mánaða-

brjóta upp klöppina í stað þess að sprengja hana. Með því sparar hann sprengiefni og dýran og mannfrekan tækjabúnað sem þarf til að bora og hlaða sprengiefni neðansjávar.

Gert er ráð fyrir að dýpkun á Raufarhöfn ljúki á þessu ári og haustið 2003 verði lokið dýpkun á Þórshöfn.

### Dýpkun á Vopnafirði

Á Vopnafirði var nú um mánaðamótin maí- júní lokið við að dýpka nýja inn-siglingarleið innan Skiphólma. Þetta verkefni var boðið út í ágúst á síðasta ári og fól í sér að dýpka 36.000 m<sup>2</sup> svæði um



Frá Húsavík.

Ljósmynd Böövar Bjarnason.

mótin september-október í haust. Að framkvæmdum loknum munu aðstaður til viðlegu innan Húsavíkurhafnar stórbatna.

### Dýpkun á Raufarhöfn og Þórshöfn

Snemma á þessu ári var boðin út sameiginlega dýpkun Raufarhafnar og Þórshafnar. Báðar þessar hafnir byggja tilveru sína að langmestu leyti á veiðum og vinnslu uppsjávarfisks og þurfa því að hafa nægilegt dýpi fyrir þau skip sem þær veiðar stunda.

Siglingastofnun hafði áætlað að verkefnið yrði mjög kostnaðarsamt því á báðum stöðum er að stórum hluta um klappardýpkun að ræða. Verktakafyrirtækið Sæþór ehf. átti lægsta tilboð, bauð 275,3 millj.kr. í dýpkunina í heild á báðum stöðum. Þetta er mun lægri upphæð en reiknað var með eða 56% af kostnaðaráætlun. Verktakinn notar nýja tækni, er með öflugan vökvahamar til að

100.000 m<sup>3</sup>. Á hluta svæðisins var klöpp.

Hér var Sæþór ehf. einnig á ferð og vann verkið fyrir rétt um 100 millj.kr. Beitt var sömu tækni og notuð verður við dýpkunina á Raufarhöfn og Þórshöfn. Gekk verkið vel þrátt fyrir nokkrar veðurtafir og var mun ódýrara en gert var ráð fyrir í áætlun. Greinilegt er að þessi aðferð við dýpkun á hörðum botni er mun hagkvæmari en eldri aðferðir. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða lagskiptan og breytilegan botn eins og oft er hér við land.

### Ferjuaðstaða á Seyðisfirði

Á Seyðisfirði eru hafnar framkvæmdir við bryggju sem þjóna mun nýrri ferju Smyril Line. Rekið verður niður 170 m langt stálþil og við enda þess er aðstaða til að bílar geti ekið að og frá borði. Byggt verður hús sem í er aðstaða fyrir tollverði, biðsalur farþega og landgöngurani yfir í



ferjuna en farþegar sem ekki eru í bílum fara um dyr á skipinu sem eru í 11–12 m hæð yfir bryggju.

Nýja ferjan á að byrja siglingar í maí 2003 og er allt kapp lagt á að framkvæmdir verði þá komnar á það stig að hægt verði að afgangi skipið.

Samhliða framkvæmdum við ferjulægið mun Vegagerðin annast lagningu vega og brúargerð þannig að akstursleiðir að og frá ferjunni verði greiðar.

### Stækkun hafnarkvæðis í Neskaupstað

Höfnin í Neskaupstað, sem gerð var eftir snjóflóðin 1974, er of þröng fyrir þau fiskiskip sem þar leggjast að bryggju í dag. Byggður verður nýr skjólgarður utar og sá sem nú er grafinn upp og hafnar-svæðið síðan allt dýpk- að. Búið er að bjóða út þessar framkvæmdir.

### Stálþil endurnýjuð í Vestmannaeyjum

Áfram er unnið að endurbyggingu stálþila við höfnina. Búið er að bjóða út endurnýjun á 142 m löngu þili við austur- og suðurkant Friðarhafnar og síðar á árinu verður farið af stað með endurbyggingu norðan megin í Friðarhöfninni.

Um leið og endurbygging á sér stað er dýpi við bryggjur aukið, en víða í Vestmannaeyjahöfn vantar meira dýpi til að nútímafiskiskip geti athafnað sig.

### Lokið við brimvarnargarða í Grindavík

Í haust lýkur gerð brimvarnargarða austan og vestan innsiglingarrennu. Verkið var boðið út í apríl á síðasta ári.

### Endurskoðun á hafna- og sjóvarnaáætlun

Í maí 2001 var samþykkt á Alþingi hafnaáætlun fyrir árin 2001–2004 og einnig sjóvarnaáætlun fyrir sama tímabil. Var það fyrsta fjögurra ára sjóvarnaáætlunin sem samþykkt er samkvæmt lögum um sjóvarnir nr. 28/1997.

Í nýsamþykktum lögum um samgönguáætlun, sem einnig er fjallað um í þessu blaði, er kveðið á um að

áætlun fyrir hafnir og sjóvarnir verði hluti samgönguáætlunar. Á næsta löggjafarþingi, 2002–2003, á samgönguráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun árinna 2003–2014. Áætlunin skiptist í þrjú fjögurra ára tímabil og verður endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Fyrsta fjögurra ára tímabil samgönguáætlunar verður stofnkostnaður mannvirkja sundurliðaður og tímasettur á ár líkt og er í núgildandi hafna- og sjóvarnaáætlun. Árin þar á eftir skiptast í tvö



Frá Seyðisfirði. Unnið að því að fergja svæðið við nýja ferjulægið. Efni er hlaðið upp 4 m hærra en væntanlegt bryggjugólf. Ljósmynd Kristján Helgason.

fjögurra ára tímabil þar sem áætlaður hluti ríkisins í stofnkostnaði við annars vegar hafnir og hins vegar sjóvarnir verður líklega settur fram sem heildartala fyrir hvert tímabil.

Hafna- og sjóvarnaáætlun, sem nú er í gildi, stóð til að endurskoða fyrir árin 2003 og 2004 og bæta við framkvæmdum árin 2005 og 2006. Endurskoðun þessara áætlana fellur því saman við áætlunar-tímabil samgönguáætlunarinnar sem leggja á fram nú í haust.

Um mitt síðasta ár leitaði Siglingastofnun eftir því við hafnarstjórnir að þær legðu fram tillögur sínar um framkvæmdir á árunum 2003–2006 og áttu svör að hafa borist fyrir 1. september 2001. Af 47 hafnarstjórnunum sem fengu sent þetta erindi hafa 33 sent inn óskir um framkvæmdir á næsta fjögurra ára tímabili. Siglingastofnun vinnur úr þessum óskum og með haustinu verða tillögur kynntar hlutaðeigandi hafnarstjórnunum og áætlunin í heild tekin til umfjöllunar sem hluti samgönguáætlunar.

### Skýrsla um sjóvarnir

Varðandi sjóvarnaáætlun þá er nú unnið

að því að endurskoða skýrslu um sjóvarnir sem síðast var gefin út í september 2000. Með dreifibréfi dags. 29. janúar 2002 var athygli sveitarstjórna vakin á því að endurskoðun stæði yfir og gefið færi á að koma með nýjar ábendingar um landbrot. Í sjóvarnarskýrslunni verður síðan greint frá öllum stöðum þar sem landbrots hefur orðið vart, lagt mat á aðgerðir sem talin er þörf á og kostnaður metinn. Loks er í skýrslunni samræmt mat á forgangsröð verkefna við sjóvarnargarða um allt land. Hvert verkefni fær stig þar sem

tekið er mið af þrem þáttum, þ.e. öldulagi og flóðahættu, fjarlægð frá sjávar-kambi/landhæð og verðmæti að baki sem verið er að verja.

Undanfarin ár hefur ríkið lagt fram árlega 70–80 millj.kr. til sjóvarnargarða og sveitarfélög hafa lagt fram 1/8 hluta á móti þannig að unnið er fyrir á bilinu 80–90 millj.kr. á ári. Verulega hefur áunnist og eru nú fáir staðir eftir þar sem talin er mikil hætta og verðmæt mannvirki gætu farið forgörðum.

Einnig er markvissar unnið í skipulagsmálum við að koma í veg fyrir að byggt sé á þeim stöðum þar sem hætta gæti skapast.

## Viðurkenningar á sjómannadaginn

Siglingastofnun veitir árlega viðurkenningar á sjómannadaginn til eigenda og áhafna skipa sem taldar eru hafa sýnt góða framkvæmd á öryggisreglum og umhirðu á undanförunum árum. Viðurkenningunni er ætlað að vera hvatning fyrir áhöfn og eigendur skipa að halda öryggismálum í sem bestu horfi.

Á sjómannadaginn 2. júní sl. var útgerð Haraldar Böðvarssonar hf., Akranesi, og áhöfnun og eigendum skipanna Óskar KE5, Sóleyjar SH124, Brimness BA800, Súlunnar EA300, Jóns Kjartanssonar SU111 og Dala Rafns VE508 veitt viðurkenning.



## Niðurstaða útbóta

Dags.	Heiti útbóts	Kostnaðaráætlun	Lægsta tilboð	%	Verktaki m. lægsta tilboð	Fjöldi tilboða
04.06.02	Neskaupstaður-Togarabryggja, þekja og lagnir	14.069.380	12.000.000	85,2	Nestak ehf.	3
30.05.02	Djúpivogur, Innri Gleðivík, þekja og lagnir	24.965.786	19.919.986	79,8	Austurverk ehf.	9
28.05.02	Seyðisfjörður-ferjulægi-stálþilbakki	93.344.630	72.968.740	78,1	Gáma- og tækjaleiga Austurlands	6
28.05.02	Vestmannaeyjar-Nausthamarsbryggja, 2. áfangi	32.442.200	27.268.040	84,0	Vélaþjónusta Þórðar ehf.	4
24.05.02	Vopnafjörður-Löndunarbryggja, þekja og lagnir	21.039.660	15.607.760	74,1	Mælifell ehf.	2
22.05.02	Flateyri-stálþil, þekja og lagnir	14.121.368	12.240.000	86,6	Eiríkur og Einar Valur hf.	2
22.05.02	Neskaupstaður-hafnargarður	29.610.000	24.480.000	82,6	Klæðning hf.	6
08.05.02	Fáskrúðsfjörður-harðvídabryggja	19.965.250	16.237.000	81,3	Elinn ehf.	6
30.04.02	Kópasker-sjóvarnir 2002	1.910.700	1.484.200	77,7	Vökvæðingastofnun Kópaskers ehf.	2
30.04.02	Akureyri-Fiskihöfn, stálþil 2. áfangi	18.429.889	15.354.500	83,3	Katla ehf.	7
26.04.02	Vestmannaeyjar-stálþil í Friðarhöfn	60.626.100	46.304.100	76,4	Ísar ehf.	3

## Lög og reglugerðir

Dags.	Heiti	Nr.	Gildistaka
29.04.02	Lög um samgönguáætlun	71/2002	17. maí 2002
29.04.02	Lög um breytingar á lagaákvæðum er varða samgönguáætlun o.fl.	73/2002	1. janúar 2003

## Langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda

# 11 stuttmyndir um neyðarráðstafanir og og forvarnir



Í lok maí undirrituðu  
Jóhann Briem f.h. Mynd-  
þæjar ehf. og Hermann  
Guðjónsson, forstjóri

Siglingastofnunar Íslands, vegna langtíma-  
áætlunar í öryggismálum sjófarenda fyrir  
árin 2001-2003, samning um gerð 11 stutt-  
mynda um öryggismál sjófarenda. Gerð  
myndanna á að vera lokið 15. júlí nk.

Fyrirhugað er að þessar myndir verði  
aðgengilegar á sérstakri vefsíðu um  
öryggismál sjófarenda sem opnuð  
verði seinna á þessu ári. Jafnframt er  
áformað að setja myndirnar á DVD-form  
og dreifa endurgjaldslaut um borð í íslensk  
skip. Hver mynd verður 5-10 mínútur að  
lengd og fjalla þær um neyðarráðstafanir og  
forvarnir gegn slysum á sjó. Heiti og inni-  
hald myndanna er í stuttu máli eftirfarandi:

### Frágangur gúmmibjörgunarbáta

Fjallað verður um helstu tegundir gúmmi-  
björgunarbáta í íslenskum skipum, tilgang  
þeirra, árlegar skoðanir, skoðunarstöðvar,  
meðhöndlun, merkingar, frágang hylkja í  
stólum, losunar- og sjósetningarbúnað  
(skotgálga), aðgengi og sjósetningu þeirra.

### Móttaka þyrllu

Fjallar m.a. um undirbúning skipverja fyrir  
móttöku á þyrllu, verkaskiptingu, klæðnað,  
fjarskiptasamband við þyrllu, ákvörðun um  
híflingastað o.fl.

### Æfingar um borð

Fjallar m.a. um tilgang æfinga, lög og  
reglugerðir, hvenær æfingar eigi að fara  
fram og skyldu til æfinga, skipulag og

stjórnun, gerð neyðaráætlunar, undirbúning  
og framkvæmd æfinga, fræðslu fyrir  
skipverja, mat á árangri æfinga og frágang  
búnaðar að lokinni æfingu.

### Notkun línubysa

Fjallar m.a. um viðurkenndar tegundir  
línubysa, notkun helstu gerða sem notaðar  
eru í íslenskum skipum, skiptingu hleðslna,  
hagnýtt gildi línubysa, notkun fluglínu-  
björgunartækja og björgunarstól.

### Notkun léttbáta

Fjallar m.a. um tegundir léttbáta, skyldu-  
búnað við björgunarstörf, nauðsynlega  
hæfni áhafnar, útbúnað, þjálfun, æfingar,  
undirbúning siglingar, sjósetningu, með-  
ferð, stjórnun, björgun/flutning manna frá  
skipi í léttbát, björgun manna úr sjó og  
frágang eftir notkun.

### Öryggi skips og áhafnar

Fjallar m.a. um hvernig sjóbúa eigi skip og  
yfifara búnað, gerð siglingaáætlunar,  
mikilvægi siglingavaktar, hættur vegna  
opinna dyra og lúga, lokaðra austuropa á  
opnum þilföllum, bilaðra/lélegra austur-  
dæla í austurbrunnum millipilfara, lausra  
hluta, ísingar og eldsvoða. Jafnframt er  
vikið að kröfum um fræðslu, þjálfun og  
æfingar áhafnar og rannsókn áhafnar á  
slysum, næstum því slysum og óhöppum,  
auk þess sem vikið er að tilkynningum um  
slys og atvik til rannsóknarnefndar sjó-  
slysa, lögreglu, útgerðar, Tryggingastofn-  
unar, Hollustuverndar og tryggingafélags  
skips.

### Öryggi við híflingar

Fjallar m.a. um stjórnun híflingarbúnaðar,  
yfirsýn stjórnanda frá stjórnstækjum bún-  
aðar, staðlaðar og greinilegar bendingar,  
frágang stjórnarbúnaðar og merkinga, mat á  
ástandi híflingarbúnaðar, fyrirbyggjandi  
viðhald á híflingarbúnaði og varúðarráð-  
stafanir.

### Fallhætta

Fjallar almennt um fallhættu, hættu á að  
hrasa/falla á sama þilfari, í stigum, milli  
þilfara, milli skips og bryggju, á bryggju,  
hálfu vegna bleytu, ísingar, olíu og slors,  
aðskotahluti eða rusl á gangvegum og  
mikilvægi reglulegra þrifa til að draga úr  
fallhættu.

### Frágangur varasamra efna

Fjallar um geymslu varasamra efna, hlífð-  
arfáttað, eldhættu, heilsutjón, viðbrögð við  
leka á varasömum efnunum, viðvörðunarbún-  
að, skynjara og viðvörðunarljós, eiturefna-  
búninga, öndunartæki og skyndihjálp vegna  
eitrunar og kröfur um lækningatæki og lyf.

### Öryggi við að koma veiðarfærum í sjó og um borð

Fjallar almennt um öryggi við veiðar,  
vinnulýsingu, regluleg þríf, notkun léttitækja,  
hættur og öryggisráðstafanir við  
línuveiðar, netaveiðar, flot- og botnvörpu-  
veiðar, dragnótaveiðar, nótaveiðar og  
veiðar með plóg.

### Öryggi á vinnsluþilfari og í lest

Fjallar um öryggi í vinnslu, hættur, öryggis-  
ráðstafanir og margvíslegan öryggis-  
búnað.





## Ný hugbúnaðarkerfi leysa þau eldri af hólmi



Þann 29. apríl sl. tók Siglingastofnun Íslands í notkun ný tölvukerfi fyrir skipaskrá og lög- og réttindaskráningu sjómanna. Tölvukerfi þessi leysa af hólmi eldri kerfi sem hönnuð voru fyrir tæpum 20 árum. Eðlilegt þótti að uppfæra eldri kerfin, tengja þau nýjustu tækni kerfisbúnaðar og tengja þau því hugbúnaðarumhverfi sem flestir vinna við í dag.

Niðurstaðan var eftir útboð að Skýrr hf. hannaði nýtt hugbúnaðarkerfi fyrir skipaskrá (SESS) og lög- og réttindaskráningu sjómanna (LOGG).

### Skipaskrá

Í lögum um skráningu skipa er mælt fyrir að Siglingastofnun Íslands haldi aðalskipaskrá yfir öll skráningarskyld skip. Í lögum um lögskráningu sjómanna er kveðið á um að skylt sé að lögskrá alla í áhöfn skipi, sem gert er út í atvinnuskyni, og er 20 brúttótonn og stærra. Einnig er tekið fram í lögum að skipstjóra sé skylt að sjá svo um að skipverjar séu lögskráðir í og úr skipsrúmi eftir því sem við á.

Skipaskráin geymir upplýsingar um alla meginþætti skipisins, t.d. skipaskrárnúmer, nafn, umdæmisnúmer, eigendur, mælistærðir, skirteini og skoðanir.

Siglingastofnun færir þessar stærðir inn í tölvukerfið og viðheldur þeim.

### Atvinnuréttindaskirteini

Siglingastofnun Íslands gefur út alþjóðleg atvinnuskirteini, svokölluð STCW-skirteini, og veitir undanþágur til að gegna stöðu á tilteknu farþega- eða flutningaskipi í tiltekinn tíma hafi viðkomandi ekki tilskilin réttindi.

Undanþágur fyrir fiskiskip annast undanþágunefnd. Mönnunarnefnd fiskiskipa getur heimilað frávik frá lögboðnum stöðufjölda um borð í fiskiskipum. Slík frávik eru færð í lögskráningarkerfið.

### Lögskráning

Lögskráningu sjómanna annast lögskráningarstjórar hjá sýslumannsembættum um allt land nema í Reykjavík þar sem það eru starfsmenn tollstjóraembættisins sem

sjá um lögskráninguna. Útgáfa atvinnuskirteina skipstjórnar- og vélstjórnarmanna er í höndum sömu aðila.

Í tölvukerfið fyrir lögskráningar eru færð inn þau réttindi sem viðkomandi sjómaður hefur og gildistími skirteinis hans. Slysavarnaskóli sjómanna sér um útgáfu á skirteinum sem gefin eru út í samræmi við þau námskeið sem kennd eru við skólann.

Einnig eru færðar inn í kerfið þær undanþágur sem undanþágunefnd og Siglingastofnun veita.

Siglingastofnun hefur heimild til að



Frá Vestmannaeyjum. Ljósmynd Pálmi Guðmundsson.

veita sjómanni í eitt sinn frest til að sækja námskeið í öryggisfræðslu. Slíkur frestur er einnig færður inn í lögskráningarkerfið.

Útgerðarmenn geta nú skráð inn í lögskráningarkerfið umsóknir um lögskráningu sjómanna og undanþágur.

### Skráning í kerfið

Siglingastofnun sér alfarið um skráningu í skipaskrána. Áður en innskráningar eru framkvæmdar þarf að liggja fyrir skrifleg beiðni um skráningu. Ef um eignabreytingu er að ræða þarf viðkomandi að leggja fram þinglýst afsal, ef skipið er stærra en 5 rúmllestir, og kaupsamning. Sé um nýsmíði að ræða þarf að leggja fram skipasmíðaskirteini og ef skip hefur verið flutt inn til landsins þarf að liggja fyrir yfir-

lýsing Siglingastofnunar um að mælt sé með innflutningi, kaupsamningur og yfirlýsing skipaskrár þess lands, þar sem skipið var síðast skráð, að skipið hafi verið tekið út af skipaskrá þar.

Siglingastofnun sér einnig um afskráningu skipa. Skip ber að afskrá hafi það ekki verið skoðað í fimm ár. Skipseigandi getur sótt um afskráningu á skipi sínu sjái hann ástæðu til þess.

Eyðublöð er varða skráningu skipa, beiðni um bráðabirgðaskráningu skipi í smíðum, afskráningu skipa og undanþágur er að finna á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands ([www.sigling.is](http://www.sigling.is)) undir skipamál.

### Les- og skoðunaraðgangur

Siglingastofnun veitir les- og skoðunaraðgang að skipa- og lögskráningarkerfinu. Þar er hægt að skoða hin ýmsu atriði er geta bæði nýst þeim sem þurfa á slíkum upplýsingum að halda í starfi sínu og þeim sem áhuga hafa á að fylgjast með skipastól landsmanna. Sækja skal sérstaklega um slíkan aðgang hjá Siglingastofnun Íslands.

Í athugasemjum er að bjóða aðilum sem tengjast vilja beint inn í skipa- eða lögskráningarkerfið að lesa úr því inn í sín kerfi og nota þau gögn sem kerfin geyma.

Til skoðunar er að opna hluta af skipaskránni á nýrri vefsíðu stofnunarinnar þannig að þær upplýsingar sem er að finna í árlegri skrá yfir íslensk skip og báta, sem Siglingastofnun gefur út í byrjun hvers árs, verða opnar almenningi í gegnum vef stofnunarinnar.

Það er von Siglingastofnunar að hin nýju hugbúnaðarkerfi fyrir skipaskrá og lög- og réttindaskrá sjómanna muni reynast vel og að hið notendavæna viðmót sem kerfið býður upp á muni hjálpa þeim sem við kerfið vinna og þeim sem vilja skoða það.

Netslóðin inn á skipaskrána er [skipaskra.sigling.is](http://skipaskra.sigling.is) og inn á lögskráninguna [logskraning.sigling.is](http://logskraning.sigling.is) (ekki nota [www](http://www)).

Sækja þarf skriflega um aðgang hjá Siglingastofnun og þarf að fylgja umsókn kennitala fyrirtækis og þess einstaklings sem lesaöðgang fær.

# Í

**Sjófarendur!** Munið að kynna ykkur neyðaráætlun um brunavarnir í skipum. Rétt staðsetning slökkvitækja og reglulegar

björgunaræfingar eru mikilvægur liður í að auka öryggi.

# LOGANDI HVELLI



0001HF H2015



SIGLINGASTOFNUN

[www.sigling.is](http://www.sigling.is)